

Þriðjudaginn 11. júní 1985.

Nr. 139/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Haraldssyni

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Björn Sveinbjörnson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Með úrskurði sakadóms Selfoss, uppkveðnum 7. maí 1985, var synjað niðurfellingar á ákvörðun lögreglustjóra frá 7. janúar 1985 um að varnaraðili, Jóhann Haraldsson, skuli sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. i.f. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, kært úrskurðinn til Hæstaréttar, en hann lýsti kæru við birtingu úrskurðarins í sakadómi Selfoss þann 31. maí sl.

Varnaraðili krefst þess, að ökuleyfissviptingin verði felld niður.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 7. júní 1985 var gefin út ákæra á hendur varnaraðilja vegna þeirrar háttsemi hans, er leiddi til þess, að hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða. Í ákæru er þessi háttsemi talin varða við 1. mgr. 106. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr., 3. mgr. 38. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Selfoss 7. maí 1985.

Mánudaginn 7. janúar sl., kl. 03:30, voru lögreglumenn staddir við lög-gæslustörf á Eyrarvegi, Selfossi. Hafði Skarphéðinn Njálsson aðstoðar-varðstjóri gefið ökumanni bifreiðarinnar X-3211 merki um að stöðva bif-

reiðina og var að ræða við ökumann að sögn sjónarvotta. Ökumaður var Jóhann Haraldsson, Reyrhaga 18, Selfossi, f. 11.10.65. Skv. frásögn sjónarvotta og kærða sjálfs ökumaður skyndilega af stað. Féll lögreglu- maðurinn í götuna og að sögn fór vinstra afturhjóla X-3211 yfir annan fót hans.

Fulltrúi lögreglustjóra ákvað, að kærði skyldi sviptur ökuréttindum til bráðabirgða þann 7. janúar sl. frá þeim tíma.

Með bréfi, dags. 2. maí, hefur kærði óskað úrskurðar um bráðabirgða- sviptingu þessa.

Rannsókn lögreglu í máli þessu er lokið, og verður það nú sent ríkissak- sóknara til meðferðar. Ekki þykir það hafa komið fram við rannsókn máls- ins né heldur þykir sá tími liðinn, frá því að umrætt atvik átti sér stað, að efni þyki til þess að fella bráðabirgðasviptinguna niður en samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir lágu, er hún var ákveðin, var lögreglustjóra rétt að beita henni, sbr. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Allan V. Magnússon, fulltrúi bæjarfógeta, hvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er um niðurfellingu bráðabirgðasviptingar ökuréttinda Jóhanns Haraldssonar frá 7. janúar sl.

Miðvikudaginn 12. júní 1985.

Nr. 244/1984. **Kristján Knútsson**

gegn

Áhaldaleigunni s/f

Bikarnum s/f

Blikkveri h/f

Byggingavörum s/f

Byggingu s/f

Dagblaðinu h/f

Dekkinu s/f

Ferðamiðstöðinni h/f

Fero s/f

Flugleiðum h/f